

Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd á vegum Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins, Neytendasamtakanna og Húseigendafélagsins

Aðilar að nefndinni

1. grein

Aðild að nefndinni eiga Meistaradeild Samtaka iðnaðarins (MSI), Neytendasamtökin (NS) og Húseigendafélagið (HF).

Skipan nefndarinnar

2. grein

Fulltrúar í nefndina eru tilnefndir með eftirfarandi hætti: Einn fulltrúi er tilnefndur af NS, einn af HF og tveir af MSI. Fimm fulltrúinn skal vera tilnefndur sameiginlega af þeim sem eiga aðild að nefndinni og skal hann vera löglærður og jafnframt formaður nefndarinnar. Af þeim fulltrúum sem MSI skipa skal annar hafa sérfræðipækkingu á því sviði sem varðar ágreiningsefnið sem er til umfjöllunar fyrir nefndinni hverju sinni og er sá fulltrúi því tilnefndur í hvert sinn sem mál eru til umfjöllunar. Fyrir hvern nefndarmann skal tilnefna jafnmarga fulltrúa til vara.

Í minni málum er nægjanlegt að þrír fulltrúar úrskurði. Skal þá einn koma frá MSI og hafi hann sérþekkingu á því sviði er varðar ágreiningsefnið, einn fulltrúi frá annað hvort NS og HF og loks formaður nefndarinnar.

Fulltrúar eru valdir til setu í nefndinni í tvö ár í senn, frá 1. janúar að telja, sjá þó gr. 2. Nefndarmaður skal víkja úr sæti sé hann aðili að kvörtunarmáli eða tengdur aðila sbr. a. og d. Lið 1. mgr. 5. gr. einkamálagala nr. 91/1991. Dagleg störf nefndarinnar annast starfsmaður MSI.

Heimildir nefndarinnar

3. grein

Úrskurðarnefndin tekur til meðferðar og úrskurðar í ágreiningsmáli viðskiptamanns vegna þjónustu félagsmanns MSI sé um að ræða:

1. Einstaklinga sem eru eigendur húsnæðis og gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk á sinni eign, hvort sem um íbúðarhús eða frístundahús er að ræða.
2. Einstaklinga sem eru leigjendur eða búseturéttarhafar og gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk í íbúð sem þeir hafa umráðarétt yfir.
3. Húsfélög sem gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk á sameign húsfélagsins.

Úrskurðarnefndin tekur ekki til meðferðar mál þar sem heildarupphæð samnings er lægri en 100.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti og heldur ekki mál þar sem heildar samningsupphæðin að meðtöldum virðisaukaskatti er hærrí en 25.000.000 kr. Kvartanir þurfa að berast úrskurðarnefndinni innan árs frá verklokum.

Skilyrði málskots

4. grein

Aðeins einstaklingar og húsfélög geta lagt fram kröfur vegna vanefnda fyrir nefndina, þó ekki þær sem orðið hafa til vegna atvinnureksturs þeirra. Skilyrði er að þeir hafi reynt að ná rétti sínum gagnvart framkvæmdaaðila skriflega og án tilefnislausss dráttar.

Gögn vegna málskots og málskotsgjald

5. grein

Ef ekki semst milli aðila, skal fylla út viðeigandi kvörtunareyðublað frá Samökum iðnaðarins og leggja fram öll skrifleg gögn kvörtuninni til stuðnings. Skal málið þá tekið á skrá sem kvörtunarmál og gefið númer í áframhaldandi röð fyrir hvert ár. Starfsmenn NS, HF og SI veita nauðsynlega aðstoð við að fylla út kvörtunareyðublaðið sé þess óskað, enda skipi þeir ekki sæti í úrskurðanefndinni.

Við málskot skal greiða sérstakt málskotsgjald kr. 15.000 til nefndarinnar sem skal endurskoðað af nefndinni í upphafi hvers árs.

Tilkynning um málskot

6. grein

Starfsmaður MSI afhendir nefndarmönnum kvörtunina án ástæðulausrar tafar, en áður skal þó senda málið til stjórnar meistarafélags viðkomandi verkataka og gefa stjórninni 14 daga frest til að leysa úr ágreiningi.

Fyrirtaka máls

7. grein

Náist ekki samkomulag eða svar berst ekki innan frests skv. 6. gr., skal málið tekið fyrir í nefndinni og úrskurðað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Berist svar innan tilskilins frests skal gefa báðum málsaðilum kost á að koma sínum athugasemdum á framfæri áður en málið er tekið til úrskurðar. Nefndinni er heimilt að kalla aðila fyrir nefndina.

Gagnaöflun

8. grein

Nefndin skal leita til aðila með sérþekkingu telji hún þess þörf. Við meðferð mála þar sem ofangreindar reglur og eðli máls kveða ekki á um annað, skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Frávísun máls

9. grein

Nefndin getur vísað frá kvörtunum, ef hún telur nauðsynlegt að fá niðurstöðu almenns dómstóls um málið eða ef kvörtun er greinilega ástæðulaus. Sömuleiðis er heimilt að vísa máli frá ef það er óljóst, illa upplýst vegna ónógra gagna eða krafa aðila svo óskýr að það er ekki tækt til efnislegs úrskurðar.

Grundvöllur úrskurðar og ályktunarhæfi nefndarinnar

10. grein

Verði ágreiningur innan nefndarinnar ræður meirihluti nefndarmanna. Minnihluta nefndarmanna er heimilt að skila séráliti. Úrskurður skal vera rökstuddur og byggja á lögum, fordæmum, venju, samningi aðila, stöðlum, siðareglum og sanngirnissjónarmiðum.

Form úrskurðar

11. grein

Úrskurður nefndarinnar skal vera skriflegur og sendur aðilum máls án ástæðulausrar tafar. Nefndin ákveður frest til að uppfylla úrskurðinn sem skal að jafnaði ekki vera lengri en 30 dagar.

Greiðsluskylda vegna kostnaðar af máli

12. grein

Ef komið er til móts við kröfur verkkaupa að einhverju eða öllu leyti ber verktaka að greiða málskotsgjaldið. Nefndin getur úrskurðað að sá aðili máls sem tapar því greiði útlagðan kostnað nefndarinnar þó að hámarki kr. 100.000.-

Skuldbindingargildi úrskurðar

13. grein

Félagsmenn MSI skuldbinda sig til að fylgja úrskurði nefndarinnar innan þess tímafrests sem nefndin ákveður, sbr. 11. gr. Hafi úrskurður veruleg fjárhagsleg útgjöld í för með sér fyrir verktaka eða hafi fordæmisgildi er verktaka þó heimilt innan 7 daga að tilkynna nefndinni og viðkomandi aðila að hann sætti sig ekki við úrskurðinn og muni ekki una honum nema að undangengnum dómi.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar

14. grein

Kostnaður sem hlýst af störfum nefndarinnar, skal greiðast með málskotsgjaldi. Annan kostnað, svo sem þóknun til nefndarmanna annarra en formanns greiðir hver aðili fyrir sig.

Uppsögn

15. grein

Hver aðili um sig getur sagt samþykktum þessum upp með 12 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

Gildistaka

16. grein

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík 20. apríl 2010

Samþykk samþykktum fyrir úrskurðarnefnd Neytendasamtakanna, Húseigendafélagsins og Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins:

Málrameistarafélag Reykjavíkur

Meistarafélag Suðurlands

Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi

Félag Skrúðgarðyrkjumeistara

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Félag blikksmiðjueigenda

Samtök iðnaðarins

Húseigendafélagið

Neytendasamtökin